

Þingeyjarsveit  
Kjarna  
650 Laugar

Garðabær, 5. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0032  
SS/LA/BK

## Efni: Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2023-2043, drög til kynningar á vinnslustigi

Vísað er í tölvubréf í gegnum Skipulagsgátt frá sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, dags. 20. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög til kynningar á vinnslustigi fyrir endurskoðun aðalskipulags Þingeyjarsveitar 2023-2043.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér drögin og vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Þar sem um drög er að ræða er mögulegt að tillagan taki breytingum. Náttúrufræðistofnun áskilur sér því rétt á frekari athugasemdum þegar tillagan er endanlega auglýst.

Óheppilegt er að mati Náttúrufræðistofnunar að í umfjöllun um landnotkun í áttunda kafla greinargerðarinnar, þar sem listuð eru skilmálar fyrir mismunandi landnotkunarreiti, sé nær aldrei tilgreint hvort um breytingu á gildandi aðalskipulagi sé að ræða og/eða breytta landnotkun frá núverandi ástandi. Erfitt er því að fá yfirsýn yfir hvar, hvernig og hversu mikið sé verið að breyta landnotkun. Tímafrekt er fyrir umsagnaraðila að rýna hvern einasta landnotkunarreit á kortum til að skera úr um hvort um breytingu sé að ræða eða ekki.

Þá vekur furðu að í umhverfismatsskýrslu sé einungis fjallað um áhrif þriggja efnisþátta aðalskipulagstillögunnar (efnistöku, skógrækt og íbúðabyggð í dreifbýli) frekar en að fjalla heildstætt um áhrif allra landnotkunarbreytinga sem felast í endurskoðun aðalskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun telur margt jákvætt koma fram í þeirri stefnu sveitarfélagsins sem aðalskipulagstillagan felur í sér er varðar verndun verðmætra náttúruminja og líffræðilegrar fjölbreytni. Þar má nefna áherslu um að beina uppbyggingu íbúðabygðar á þegar byggð svæði, að leggja sérstaka áherslu á að koma í veg fyrir útbreiðslu ágengra plantna, að setja hömlur á óþarfa framræslu votlendis og almennt að standa vörð um landslag, lífríki og minjar.

Náttúrufræðistofnun saknar þess þó að stigin séu markvissari skref í náttúruvernd t.d. með því að skilgreina framtíðarverndarsvæði en ekki eru tillögur um ný hverfisverndarsvæði til viðbótar við hið einungis eina svæði sem er undir hverfisvernd í þessu víðfeðma sveitarfélagi, eða um svæði sem ástæða er til að friðlýsa. Þrátt fyrir að í sveitarfélaginu séu, eins og fram kemur í greinargerðinni, 10 svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár og 18 svæði á gildandi (C-hluta) náttúruminjaskrár. Hverfisverndarsvæðum hefur í raun fækkað eftir samruna sveitarfélaganna sem í dag mynda Þingeyjarsveit. Í staðinn á að fella inn ákvæði hverfisverndar inn í almenna skilmála t.d. um landbúnaðarsvæði eða opin svæði. Náttúrufræðistofnun telur heppilegra að hverfisvernd sé beitt markvisst svæðisbundið til að tryggja að hægt sé að móta sértæka skilmála um verndun náttúruyfirbæra á svæðunum sem um



ræðir. Einnig er mun auðveldara að vakta árangur verndarskilmála þegar þeir eiga við um afmörkuð svæði.

Einstök lífríkis-, jarðminja- og landslagsvæði er að finna í sveitarfélaginu og hvetur Náttúrufræðistofnun sveitarfélagið til að endurskoða stefnu sína í skipulagðri verndun og leggja til fleiri hverfisverndarsvæði en nú eru og/eða undirbúa í samráði við Umhverfisstofnun friðlýsingu mikilvægra svæða. Sem dæmi um svæði sem tilvalið væri að friðlýsa að mati Náttúrufræðistofnunar má nefna Svartá/Suðurá, Aldeyjarfoss, Búrfellshraun, Leirhnjúk og Gjástykki og mörg fleiri má nefna.

Þá eru lagðar til breytingar á landnotkun í aðalskipulagstillögunni sem Náttúrufræðistofnun telur að geti ógnað verndargildi verðmætra og viðkvæmra svæða og sem ætti að endurskoða.

Þar ber helst að nefna áform í Mývatnssveit, sem mörg hver falla innan afmörkunar verndarsvæðis Mývatns- og Laxár, þó ekki öll. Almennt þarf að stíga mjög varlega til jarðar við uppbyggingu innan eða í næsta nágrenni verndarsvæðisins, því aukið álag á svæðið t.a.m. vegna meiri umferðar, aukins umfangs fráveitu, meiri hættu á mengun á grunnvatni sem og annarri truflun eykur hættu á að viðkvæmt lífríki Mývatns og Laxár verði fyrir neikvæðum áhrifum. Töluverð aukning er á heimildum um nýjar lóðir fyrir íbúðarhús við Mývatn, sem Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að endurskoða a.m.k. að hluta. Þar má nefna nýjar íbúðarbyggðir sem raska jarðmyndunum og birkikjarri t.d. reitur ÍB661 austan við Geiteyjarströnd þar sem gert er ráð fyrir allt að 15 nýjum íbúðarhúsum. Sú uppbygging er þétt upp við friðlýsta svæðið í Dimmuborgum, á algjörlega óröskuðu svæði sem að mati Náttúrufræðistofnunar ætti alls ekki að raska. Stofnunin leggst því gegn þeirri fyrirhuguðu uppbyggingu. Sömuleiðis ætti ekki að fjölga byggingarreitum á reit ÍB-660 á Geiteyjarströnd svo nálægt bakka Mývatns og innan marka verndarsvæðisins. Það ógnar vatnsbakkanum og eykur álag á lífríki vatnsins.

Uppbygging verslunar og þjónustu vestast í Reykjahlíð, reitir VP561, 562 og 563 munu sömuleiðis raska hrauni og þarf að aðlaga með það í huga að hrauninu verði hlíft enda sögulegt hraun. Áframhaldandi uppbygging í landi Voga, mun sömuleiðis raska birkikjarri og hrauni og ætti að takmarka frekar en auka. Uppbygging norðan Grímsstaða (ÍB-566) verður mjög áberandi og hafa mikil ásýndaráhrif. Við Sandabrot og Grjótá er gert ráð fyrir uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu og hefur Náttúrufræðistofnun í umsagnir sínum um deiliskipulagsbreytingar þessu tengt bent á að um sé að ræða sprungusvæði þar sem mannvirkjagerð getur verið varasöm auk þess sem um afar sérstætt landslag sé að ræða og mun áformuð uppbygging hafa mikil áhrif á það. Einnig eru þekktir hraunhellar í nágrenninu, í Hverfellsbruna, og tryggja þar að rask valdi ekki skaða á hellum sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þá er athafnasvæði austan við Garð (AT-660) óskynsamlegt því á því svæði er mesta grunnvatnsflæði inn í Mývatn og alls ekki ætti að auka mengunarhættu með athafnastarfsemi.

Þá má nefna umtalsverð uppbyggingar- og skógræktaráform í Fnjóskadal en víða í dalnum er stefnt að skipulagi nýrra svæða fyrir frístundabyggð eða íbúðabyggð sem og nýskógrækt. Aðstæður í Fnjóskadal eru víða heppilegar fyrir skógrækt sem og uppbyggingu en áformin eru viðamikil og mikilvægt er að rýna áhrif á landslag, náttúrulega birkiskóga og búsvæði fugla.

Huga þarf að fundarstöðum sjaldgæfra plantna sem eru á válista eða friðaðar t.d. blæosp sem vex á nokkrum stöðum í dalnum og engjakambjurt sem vex í Vaglaskógi og er það eini fundarstaður tegundarinnar á Íslandi.

Við Aldeyjarfoss er stefnt að töluverðri uppbyggingu í tengslum við áfangastað fyrir ferðapjónustu. Þar er vissulega þörf á innviðauppbýggingu en huga þarf vandlega að áhrifum af uppbyggingu á landslag og viðkvæma náttúru við hönnun og skipulag og stilla mannvirkjagerð í hóf.

Almennt er stefnt að töluverðri aukningu á skógrækt í sveitarfélaginu og er fjallað um það í umhverfismatsskýrslunni. Á 57 jörðum hafa verið gerðir samningar um nytjaskógrækt í atvinnuskyni, samtals vel yfir 2500 hektara. Þá eru almennir heimildir um skógrækt á landbúnaðarsvæðum, allt að 50 ha. Í greinargerðinni er umfjöllun um áhrif skógræktar á landslag og lífríki og fram kemur að skógrækt hefur veruleg áhrif á vistkerfi þar sem hún breytir tegundasamsetningu, tegundafjölbreytni og ásýnd en að erfitt sé að fullyrða um hvort þau áhrif séu neikvæð eða jákvæð. Náttúrufræðistofnun vill benda á að við umfjöllun um áhrif á vistkerfi þarf að gera greinarmun milli náttúrulegra vistkerfa og tilbúinna vistkerfa s.s. í skógrækt með framandi tegundum. Þá telur Náttúrufræðistofnun engan vafa um það að áhrif af skógrækt á vistkerfi geta orðið neikvæð t.d. þegar um mikilvæg búsvæði fuglategunda sem nýta sér opin svæða er að ræða, eða um vistgerðir með mjög hátt verndargildi t.d. ákveðnar gras- og votlendisvistgerðir sem og náttúrulega birkiskóga. Einnig ef plantað er framandi tegundum sem geta reynst ágengar. Afar brýnt er að við val á skógræktarsvæðum fari fram greining á hver áhrif skógræktar á lífríki geti verið og hvort um sérstaklega viðkvæm eða mikilvæg svæði sé að ræða. Sambærileg greining á áhrifum á landslag og ásýnd t.d. jarðminja ætti einnig að fara fram.

Sum áformuð skógræktarsvæði í aðalskipulagstillögunni eru að mati Náttúrufræðistofnunar líklega frekar heppileg til skógræktar s.s. í fjallshlíðum og í nálægð við svæði sem þegar hefur verið raskað t.d. fyrir frístundabyggð. En einnig eru önnur svæði þar sem skógrækt er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á landslag t.d. skógræktarsvæði SL-660 við Mývatn þar sem einkennandi hrauna- og sandalandslag verður fyrir áhrifum. Skógrækt sunnan við Gautlönd er að hluta innan friðlandsins og gæti raskað búsvæðum fugla en þar er ríkulegt mó- og graslendi og votlendi einnig. Svæði SL-231 við Núpa í Aðaldal er sömuleiðis líklegt til að vera ríkulegt búsvæði fyrir fugla og henta þar með illa fyrir skógrækt. Þá ætti að forðast að planta öðrum tegundum en birki á svæðum þar sem mikið er um náttúrulegt birkikjarr t.d. víða í Fnjóskadal en birkikjarrvistgerðir hafa mjög hátt verndargildi.

Margar efnisnámur eru í sveitarfélaginu sem listaðar eru í kafla 8.1.3. Ekki kemur skýrt fram þar hvaða námum er ætlað að halda opnum, hvað séu nýjar námur o.s.frv. Fjallað er um breytingar á efnistökusvæðum í umhverfismatsskýrslu. Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við eftirfarandi efnistökuáform:

Stór ný náma E330 er skilgreind í Aðaldalshrauni. Náman er ekki vel sýnileg frá þjóðveginum en mun valda töluverðu raski á lítt röskuðu nútímahraunasvæði auk þess sem allangan veg þarf að námusvæðinu sem einnig liggur um hraunið. Náman tengist líklega vegagerð við breytta legu Norðausturvegar. Önnur náma í landi Húsabakka, E335, þar sem fornum áreyrum

Skjálfafljóts verður raskað, er einnig væntanlega tengd vegagerðinni. Sú náma er einnig viðamikil og felur í sér mikil ásýndaráhrif.

Stefnt er að mikilli stækkun á námu E-530 við Öxará sem mun valda töluverðu raski á birkikjarri sem er óheppilegt. Tvær nýjar námur nálægt Jökulsá á Fjöllum, E-593 og E-594 geta falið í sér töluverð ásýndaráhrif ef ekki er hugað að því að draga úr sýnileika frá þjóðveginum, og dregið úr hálendisáhrifum svæðisins.

Ekki kemur fram að áformað sé að stækka öll námusvæði en skilmálar gera ráð fyrir áframhaldandi efnistöku, og oft mjög mikilli. Í sumum tilfellum er um að ræða námur þar sem Náttúrufræðistofnun telur að verndargildi jarðminja og landslags á svæðunum sé mikið og stefna ætti að því að draga úr efnistöku þar frekar en auka. Þar má nefna námu E571 austan við Jónsnípu og námu E660 í Sandskarði sunnan við Svarthól þar sem eru merkilegar gosminjar m.a. hraun og gígar frá nútíma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við drögin að svo stöddu en útilokar ekki frekari ábendingar við endanlega tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi. Þá er stofnunin alltaf tilbúin til ráðgjafar um atriði er varða náttúrufar og náttúruminjar með verndargildi.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs